

Veiðifélag Ólafsfjarðar
b.t., Kristins Kr. Ragnarssonar, formanns
Garði
625 Ólafsfjörður

2004110054
6200; 9310

Reykjavík, 22. nóvember 2004
/--

Efni: Fiskvegur við Hólsfoss í Ólafsfjarðará, Ólafsfjarðarbæ. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Veiðifélags Ólafsfjarðarár dags. 16. nóvember 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð fiskvegur við Hólsfoss í Ólafsfjarðará, Ólafsfjarðarbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Umhverfisstofnunar en með gögnum framkvæmdaraðila fylgdu álit Ólafsfjarðarbæjar, dags. 16. nóvember 2004 og veiðimálastjóra, dags. 9. nóvember 2004.

Umsögn bast frá Umhverfisstofnun með bréfi dags. 18. nóvember 2004. Frekari upplýsingar bárust frá Veiðifélagi Ólafsfjarðar með bréfi dags. 21. nóvember 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhugað framkvæmd. Fyrirhugað er að sprengja fiskveg í kletta á norðurbakka Ólafsfjarðarár til hliðar við Hólsfoss, með hvíldarhyl um 3,7 m yfir vatnsborði neðan fossins, þannig að leið laxfiska upp fossinn verði 32 m löng í stað 5 metra. Fyrirhugað er að fossinn haldi núverandi útliti en vatnsmagni í fiskveginum verði stjórnað þannig að það verði sem jafnast. Í skýrslu Veiðimálastofnunar, sem fylgdi tilkynningu, um mat á búsvæðum bleikju í Ólafsfjarðará kemur fram að framkvæmdin muni hafa lítil sem engin áhrif á Hólsfoss og útliti hans. Rannsóknir stofnunarinnar hafi sýnt að auka megi búsvæði sjóbleikju um allt að 10% með því að gera fossinn fiskgengan og gera ána betri veiðiá. Framkvæmdin er á óskipulögðu svæði.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að stuðla að möguleikum á aukinni veiði í Ólafsfjarðará. Framkvæmdaraðili telur framkvæmdina umfangslitla og ekki valda óafturkræfum áhrifum á umhverfi og skuli hún því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Bæjarráð Ólafsfjarðar, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á landslag. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt upplýsingum frá bæjarstjóra Ólafsfjarðar sé ráðgert að vinna verkið á frosinni jörð, ekki þurfi að leggja vegslóð að framkvæmdastað og allur upgröftur verði fluttur burt. Stofnunin telur mikilvægt að raski við fossbrúnina verði haldið í lágmarki og að þess verði gætt að fiskvegur falli sem best að umhverfi, ekki verði notuð steinsteypa í fiskveginn, vegslóð verði ekki lögð að framkvæmdasvæði, gengið verði frá röskuðum svæðum og land grætt upp eftir þörfum og að allur uppmokstur verði fjarlægður frá árbökkum.

Áhrif á bleikju. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt upplýsingum frá Veiðimálastofnun bendi allt til þess að sami bleikjustofn sé ofan og neðan Hólsfoss. Veiðimálastjóri bendir á að hafa beri samráð við Veiðimálastofnun og náttúruverndarfulltrúa um allan frágang og að framkvæmdin verði tekin út af embætti veiðimálastjóra við fyrstu hentugleika.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að stefnt sé að því að sem minnst röskun verði á umhverfi árinna, spengingum haldið í lágmarki og að fiskvegurinn falli eins vel inn í umhverfið og hægt er. Hvorki verði notuð steinsteypa við framkvæmdina eða lögð ný vegslóð, allur uppmokstur verði fjarlægður og gengið frá raski í samráði við tilskylda að aðila. Fylgt verði ábendingum Veiðimálastofnunar og farið að tilmælum yfirvalda á staðnum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð fiskvegur á norðurbakka Ólafsfjarðarar til hliðar við Hólsfoss, Ólafsfjarðarbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Fyrir liggur samþykki landeigenda Hóla og Þverár í Ólafsfirði.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar, samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum, verði ekki neikvæð á bleikjustofn Ólafsfjarðarar. Framkvæmdin mun valda raski við Hólsfoss en draga má verulega úr því með þeirri framkvæmdatilhögun sem framkvæmdaraðili hefur lýst yfir að farið verði eftir.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Veiðifélags Ólafsfjarðarar við tilkynningu, umsögn og viðbrögð Veiðifélags Ólafsfjarðarar við henni. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð fiskvegur við Hólsfoss í Ólafsfjarðarar, Ólafsfjarðarbæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Ólafsfjarðarbæjar

skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Framkvæmdin er á óskipulögðu svæði og þarf sveitarstjórn því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 3. tölulið bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Fyrir liggur leyfi veiðimálastjóra skv. 39. og 43. gr. laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði m.s.br.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 22. desember 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Ólafsfjarðarbær, Umhverfisstofnun, veiðimálastjór og Veiðimálastofnun Hólum